

FUNDARGERÐ

Árið 2020, mánudaginn 30. nóvember kl. 10:00, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fjarfundar í gegnum Teams.

Fundinn sátu: Guðný Sverrisdóttir formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Birgir Björn Sigurjónsson, Daníel Jakobsson, Karen E. Halldórsdóttir, Margrét Þórarinsdóttir og Stefán Vagn Stefánsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Gústav Aron Gústavssyni, Hrafnkatli Hjörleifssyni og Tinnu Dahl Christiansen, sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Greiðslu- og rekstraráætlun 2021 – áætlun 2

Lögð var fram til kynningar uppfærð greiðslu- og rekstraráætlun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2021 (áætlun 2).

2. Útgjaldajöfnunarframlög 2021

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu uppfærð tillaga að áætluðu útgjaldajöfnunarframlagi til sveitarfélaga árið 2021 (áætlun 2). Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 28. nóvember 2020, ásamt yfirliti yfir útgjaldajöfnunarframlög.

Ráðgjafarnefnd samþykkti á fundi sínum 25. september 2020 áætluð útgjaldajöfnunarframlög til sveitarfélaga árið 2021 sbr. 14. gr. reglugerðar nr. 1088/2018, samtals að fjárhæð 9.150 m.kr. Í ljósi þess að komin er uppfærð greiðslu- og rekstraráætlun fyrir árið 2021 er svigrúm til að hækka útgjaldajöfnunarframlög. Lagðar eru fram tvær tillögur að hækkun áætlaðra útgjaldajöfnunarframlaga, annars vegar um 650 m.kr. og hins vegar um 850 m.kr. Áætluð útgjaldajöfnunarframlög verða þá samtals annað hvort 9.800 m.kr. eða 10.000 m.kr. á árinu 2021.

Samkvæmt áætluninni er lagt til að úthlutað verði nú 9.000 m.kr. eða 9.200 m.kr., eftir hvor tillagan verður fyrir valinu, samkvæmt A-hluta og 575 m.kr. í B-hluta. Í lok árs verður svo úthlutað 175 m.kr. í B-hluta vegna íþyngjandi kostnaðar við skólaakstur á árinu 2021 og 50 m.kr. vegna aksturþjónustu fatlaðs fólks úr dreifbýli á árinu 2021. Samtals eru því útgjaldajöfnunarframlög 9.800 m.kr. eða 10.000 m.kr. á árinu 2021.

Að umfjöllun lokinni samþykkti ráðgjafarnefnd að leggja til við ráðherra að hækka áætluð útgjaldajöfnunarframlög fyrir árið 2021 um 850 m.kr. eða í samtals 10.000 m.kr.

3. Næsti fundur

Næsti fundur nefndarinn hefur þegar verið ákveðinn 17. desember kl. 11:30.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 10:20.

Guðný Sverrisdóttir

Ásta Stefánsdóttir

Birgir Björn Sigurjónsson

Daníel Jakobsson

Karen E. Halldórsdóttir

Margrét Þórarinsdóttir

Stefán Vagn Stefánsson